

14
7. apríl

REGLUGJÖRÐ

um

breyting á reglugjörð um grenjaleitir og refaeyðing í Skagafjarðarsýslu.

1. gr.

6. gr. reglugjörðarinnar verði svohljóðandi:

Frjálst er hreppsnefndum, hvort þær láta eitra fyrir refi eða með hverri eiturtegund þær láta eitra, ef þær gjöra þetta.

2. gr.

11. gr. verði svohljóðandi:

Borgun til skotmanns, vökumanns og annar kostnaður, sem greiðast á úr sveitarsjóði, samkvæmt reglugjörðinni, fer eftir því, sem um semst milli hreppsnefndar og hlutaðeigandi manna.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt, samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna 10. nóv. 1905, og lögum nr. 48, 28. nóv. 1919, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. maí 1923.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. apríl 1923.

Kl. Jónsson.

Vigfús Einarsson.